


Stoðþjónusta og námsver Giljaskóla Lokaskýrsla til Sprotasjóðs



Maí 2011

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Giljaskóli

Nafn verkefnisins: Stoðþjónusta og námsver Giljaskóla

Nafn verkefnisstjóra: Lára Halldóra Eiríksdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Endurskoða allt skipulag sérkennslu/stoðþjónustu í skólanum. Skipulag sérkennslu sem og stoðþjónustu skólans var ábótavant og að nokkru leyti komið til ára sinna. Mikilvægt þótti að koma á breytingum hvað þau mál varðaði í samræmi við skóla án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám.
- Vinna skipurit fyrir sérkennslu/stoðþjónustu skólans. Ekkert virkt skipurit var til staðar innan skólans og því nauðsynlegt að bæta úr því. Mikilvægt er að starfsfólk, innan stoðþjónustu sem utan, átti sig á hver staða fólks er sem vinnur að sérkennslumálum. Þetta auðveldar meðal annars alla verkferla og gerir að verkum að fólk leitar frekar til réttara aðila með ýmis mál er tengjast stoðþjónustu og sérkennslu almennt.
- Vinna verkferla og boðleiðir fyrir stoðþjónustu skólans, innan sem utan. Þetta markmið tengist markmiðinu hér að ofan varðandi það að auðvelda fólki að átta sig á hvert það á að snúa sér varðandi ýmis mál sem tengjast stoðþjónustu. Þetta er einnig mikilvægt fyrir stoðþjónustuna sjálfa þegar einstaklingsmál eru tekin fyrir, hvort sem um er að ræða áfallamál, einelti eða námserfiðleika svo eitthvað sé nefnt.
- Koma á fót námsveri fyrir skólann. Mikilvægt er að námsver sé til staðar í öllum skólum. Þessi skóli var ekki með slíkt. Námsver bjóða upp á ýmsa kosti sem nýtast nemendum og þeirra námi. Þarna eru til staðar ýmis gögn sem nýtast í námi barna. Þar að auki getur þetta verið griðarstaður þegar illa gengur annars staðar hjá nemendum.
- Safna gögnum og námsefni á einn stað. Þetta markmið tengist markmiðinu hér að ofan. Auk þess er mikilvægt að haldið sé utan um allar eigur skólans og vitað hvað sé til af gögnum og námsefni.
- Kaup á viðeigandi greiningar- og skimunarprófum fyrir skólann. Mikilvægt er að nota nýjustu próf og mælitæki sem til eru á hverjum tíma. Það er því alveg ljóst að skólinn þurfti að endurnýja þau greiningar- og skimunartæki sem til voru. Greiningartæki eru auðvitað til þess að hægt sé að setja fram markviss úrræði sem nýtast nemendum þannig að nám þeirra verði sem árangursríkast.
- Koma starfsmönnum á viðeigandi námskeið til að öðlast leyfi til að nota greiningar- og skimunarpróf.


Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Teymi þeirra kennara sem sinna sérkennslu í skólanum fundaði að meðaltali einu sinni í mánuði. Þar voru lögð drög að þeirri vinnu sem unnin var. Fagstjóri sérkennslu vann síðan áfram í málum og útfærði nánar í samstarfi við sérkennara og ráðgjafa Giljaskóla, Kristínu Elvu Viðarsdóttur.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Í skólanum er nú vel útbúið námsver þar sem búið er að koma fyrir öllum þeim gögnum sem tengjast sér- og stuðningskennslu. Fyrir liggur skipurit stoðþjónustunnar og greiningar- og skimunaráætlun fyrir skólann. Einnig hafa verið útbúið ný eyðublöð m.a. fyrir einstaklingsáætlun, umsókn um sérkennslu og tilvísun mála í nemendaverndarráð.

Mynd 1: Skipurit stoðþjónustu í Giljaskóla



Frávik miðað við áætlun verkefnisins


Áætlun stóðst í öllum grundvallaratriðum. Verkefnið var þó tímafrekara en ráð var gert fyrir þannig að forgangsraða þurfti verkefnum. Í haust tók til starfa í Giljaskóla Kristín Elva Viðarsdóttir, sálfræðingur og sérkennari. Við höfum því getað veitt mun meiri aðstoð og ráðgjöf við nemendur og kennara en við gerðum ráð fyrir.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Í vorkönnun sem lögð var fyrir starfsmenn Giljaskóla var m.a. spurt um stoðþjónustu skólans:

Mynd 2: Mat á stoðþjónustu

Hvernig finnst þér stoðþjónusta innan skólans hafa verið í vetur (sérkennsla, námsráðgjöf, skólaráðgjöf(Kristín), skólahjúkrunarfræðingur, stuðningsfulltrúar)?



Eins og fram kemur á mynd 2 var fólk almennt ánægt með stoðþjónustu Giljaskóla. Enginn taldi hana vera lélega og einungis einn starfsmaður sagði að hún væri ekki nógu nóg.

Einnig var starfsmönnum gefinn kostur á að rökstyðja svar sitt við spurningunni. Þeir starfsmenn sem það gerðu voru flestallir mjög jákvæðir og hrósuðu þeirri vinnu sem færi fram í stoðþjónustunni. Stjórnendur spurðu starfsmenn einnig út í stoðþjónustuna í starfsmannasamtölum en ekki var búið að vinna úr þeim gögnum þegar skýrslan var unnin.

Niðurstöður verkefnisins:

Markmið verkefnisins náðust flest. Allt skipulag sérkennslu/stoðþjónustu Giljaskóla var endurskoðað. Einnig var unnið skipurit fyrir sérkennsluna og skerpt á verkferlum og boðleiðir gerðar skýrar. Vel búið námsver er nú til staðar í skólanum. Þar eru öll gögn og námsefni aðgengilegt fyrir kennara skólans auk þess sem það er sérstaklega notað í sérkennslu í námsverinu. Keypt hafa verið fleiri greiningar- og skimunartæki og nokkrir starfsmenn búnir að sækja námskeið. Þessi greiningartæki eru stöðluð og hafa íslensk viðmið. Búið er að gera mikið af námslegum greiningum sem skila sér í bættu starfi og námi. Almenn ánægja er með verkefnið innan skólans, bæði meðal þeirra sem sinna sérkennslu svo og almennra kennara. Verkefnið mun halda áfram veturinn 2011-2012.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kynning var haldin á stoðþjónustunni fyrir starfsfólk Giljaskóla í mars 2011. Þar var gerð grein fyrir helstu þáttum sem unnið hefur verið með og búið er að lýsa hér að ofan. Einnig hafa verið haldnir kynningarfundir annarsvegar með kennurum á yngsta stigi skólans og hinsvegar með kennurum á miðstigi. Þar var námsver sérstaklega kynnt og fólki boðið að koma og skoða það.

Giljaskóla, 31. maí 2011

Lára Halldóra Eiríksdóttir, verkefnisstjóri

Jón Baldvin Hannesson, skólastjóri